

Samskipti og umgengni hjá TR

Við höfum **samvinnu** og **traust** og **metnað** að leiðarljósi til að viðhalda góðum starfsanda. Við sameinumst um að láta vinnuna ganga vel og sköpum góðan vinnufrið svo okkur líði vel á vinnustaðnum. Verum einhuga um góða samvinnu, sýnum alúð og tillitsemi í vinnubrögðum. Göngum vel um og tökum til eftir okkur, verum snyrtileg.

Samskipti



- ✓ Virðum hvert annað og vinnusvæði hvers annars.
- ✓ Sýnum hvert öðru tillitsemi, kurteisi og jákvæðni.
- ✓ Miðlum gagnlegum upplýsingum og tökum ábendingum og tilsögn.
- ✓ Hrósum þeim sem vinna vel, baktölum ekki hvert annað.
- ✓ Látum ekki okkar eftir liggja í að ljúka verkefnum eins og við best getum.
- ✓ Látum persónulega erfiðleika hvorki bitna á starfinu né starfsfélögum.
- ✓ Látum vita þegar við fáum eitthvað lánað.
- ✓ Í opnu vinnusvæði köllum við ekki á hvert annað, förum og tölum hljóðlega við vinnufélaga sem leitað er til.
- ✓ Völdum ekki öðrum ónæði með „smáfundum“. Förum heldur afsíðis.
- ✓ Truflum ekki aðra með háværum samtölum í kaffirými.
- ✓ Göngum hljóðlega um opin vinnusvæði.
- ✓ Notum heyrnartól þegar hlustað er á útlarp eða tónlist.

Vinnu- stöðvar



- ✓ Við berum ábyrgð á að hafa vinnuborð hrein í lok vinnudags/vinnuviku.
- ✓ Höldum gluggakistu hreinni.
- ✓ Lokum gluggum og þeim hurðum sem eiga að vera lokaðar.

Bækur búnaður



- ✓ Skiljum ekki gögn, trúnaðarskjöl eða -upplýsingar eftir á glámbekk.
- ✓ Geymum ekki hluti, sem eiga heima annars staðar, uppi á vinnuborði.
- ✓ Höfum bækur og möppur í hillum eða skápum.

Símar



- ✓ Stillum einkasímtölum í vinnutíma í hól.
- ✓ Stillum hringingar á vinnusvæði (GSM og borðsími) á lægstu stillingu.
- ✓ Setjum GSM síma á hljóðlausa stillingu ef við bregðum okkur frá.
- ✓ Stillum borðsíma á vinnufélaga þegar við erum fjarverandi og munum að stilla hann aftur þegar við snúum til baka á vinnusvæðið.
- ✓ Notum ekki hátalara á borðsíma í opnu rými.

Kaffi- Bollar



- ✓ Notum fjölnota kaffibolla.
- ✓ Göngum vel um í kaffirými.
- ✓ Þvöum kaffibolla og göngum frá eftir okkur í dagslok.

Tölvur



- ✓ Læsum tölvu þegar við bregðum okkur frá og í dagslok.
- ✓ Notum viðveruskrá og látum vita ef við erum upptekin eða fjarverandi.
- ✓ Slökkvum á tölvum í vikulok.
- ✓ Notum ekki „Facebook“ í vinnutíma eða annað slíkt á Interneti, óviðkomandi vinnunni, sbr. [Reglur um háttvísa notkun tölvukerfa](#):